



Reykjavík, 19. mars 2019
SFS2019010157
159. fundur
HG/sv/geb

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson

Efni: Varðandi tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Flokks fólksins um skilaboða- og ábendingakassa í skólum

Á 152. fundi skóla- og frístundaráðs sem haldinn var 22. janúar 2019 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi tillögu:

Flokkur fólksins leggur til að kössum verði komið upp í miðrymi skóla í Reykjavík, þar sem börn, foreldrar/forsjáraðilar og aðrir sem tengjast skólastarfinu geti komið óskum sínum, tillögum, skilaboðum eða ábendingum á framfæri með einföldum hætti er varða skólastarfið. Tillaga þessi er hugsuð til að auðvelda börnum og forráðamönnum að hafa áhrif á skólastarfið og velferð barnanna í skólanum.

Með tillögunni er bent á einfalda leið fyrir börn og foreldra til að koma skoðunum sínum og ábendingum varðandi skólastarfið á framfæri við skólastjórnendur og skólayfirvöld. Í greinargerð með tillögunni er réttilega bent á að slíkur hugmyndakassi myndi aldrei koma í staðinn fyrir vandaðar viðhorfskannanir meðal nemenda og foreldra og persónuleg samskipti milli barna, foreldra og annarra hagsmunaaðila um það sem betur má fara í skólastarfinu.

Tillagan fellur vel að þeim hluta menntastefnu borgarinnar sem fjallar um félagsfærni þar sem þess er getið að félagsfærni þroskist öðru fremur með þátttöku í virku, lýðræðislegu samstarfi þar sem börn fá tækifæri til að sýna hug sinn í verki og koma skoðunum sínum á framfæri.

Þess má geta að nokkrir grunnskólar í borginni hafa þegar tekið í notkun slíka hugmyndakassa og má þar nefna Laugarnesskóla og Ártúnsskóla en einnig er hugmyndakassi hluti af starfi barnaráðs í frístundaheimilinu Laugaseli og sem liður í að efla barna- og unglíngalýðræði í félagsmiðstöðvum.

Mælt er með því að þessari hugmynd verði komið á framfæri við stjórnendur í skóla- og frístundastarfi og þeim bent á að nýta hugmyndakassa til að efla félagsfærni barna og unglínga og stuðla um leið að aukinni virkni og lýðræðislegri þátttöku þeirra í skóla- og frístundastarfi borgarinnar.